

Reykjavík, 27. apríl 2018  
R17090251

Póst- og fjarskiptastofnun  
Suðurlandsbraut 4  
108 REYKJAVÍK

010  
AK/EP

Efni:

***Átak til að auka kosningaþátttöku ungs fólks í borgarstjórnarkosningum 2018***

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að grípa til aðgerða til að auka kosningaþátttöku tiltekinna hópa sem hafa í undanförunum kosningum átt undir högg að sækja með tilliti til kjörsóknar.

Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands munu samhliða átakinu framkvæma rannsókn til að meta áhrifaþætti sem skipta máli fyrir kjörsókn. Í samstarfinu verður sérstök áhersla lögð á kosningaþátttöku þeirra sem nú hafa kosningarétt í fyrsta sinn, þar sem þátttaka þessa aldurshóps hefur farið lækkandi og kjörsókn í aldurshópnum 18-19 ára var í síðustu kosningum ekki nema 45% og enn lægri í aldurshópnum 20-24 ára, eða 42%.

Reykjavíkurborg og rannsakendur telja sérstaklega mikilvægt að aðstoða nýja kjósendur við nálgast upplýsingar um fyrirkomulag kosninga. Því verða send út bréf þar sem fram koma upplýsingar um það hvar eigi að kjósa. Til að einfalda hverjum einstökum kjósenda að finna upplýsingar um sinn eigin kjörstað og kjördeild er þó einnig mikilvægt að senda upplýsingar rafrænt á kjósendur.

**Erindi:** Óskað er eftir heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að senda smáskilaboð á þá kjósendur sem nú kjósa í fyrsta skipti í sveitastjórnarkosningum, til að upplýsa þá um staðsetningu kjörstaðar og fyrirkomulags kosninga. Sendur verður hlekkur á upplýsingasíðu þar sem hver kjósendi getur séð sinn kjörstað og kjördeild. Reykjavíkurborg telur lága kjörsókn ungmenna í sveitastjórnarkosningum mikið áhyggjuefni og mikilvægt að leita allra leiða til að sporna við þeirri þróun.

Texti smáskilaboðanna verður ákvarðaður sameiginlega af Reykjavíkurborg og rannsakendum, og þess sérstaklega gætt að ekki megi túlka innihaldið sem hvatningu til að kjósa á tiltekinn hátt.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir, Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar  
Hulda Þórisdóttir, Lektor við Háskóla Íslands  
Magnús Þór Torfason, Lektor við Háskóla Íslands